



## Fundur háskólaráðs 4. nóvember 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 02.11.2004  
Dags: 04.11.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

15/2004

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 4. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Eiríkur Tómasson, Matthías Imsland, Inga Jóna Þórðardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Jón Ó. Skarphéðinsson, Jóhannes R. Sveinsson, Bryndís Harðardóttir og Anna Pála Sverrisdóttir.

### 1. Til fróðleiks

- 1.1 Ræða rektors við brautskráningu kandiata 23. október sl.
- 1.2 Minnisatriði fyrir inngang að málþingi um opinbera háskólastefnu.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Rektor fái heimild til að ráða í starf án auglýsingar á grundvelli samnings Háskóla Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 29. september 2004, sbr. heimild í 7. mgr. 12. gr. laga um H.Í.
  - Háskólaráð samþykkir einróma að heimila rektor að ráða án auglýsingar í starf á grundvelli samstarfssamnings Háskóla Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands.
- 2.2 Drög að verklagsreglum um námsleyfi og orlof annarra en kennara og sérfræðinga.
  - Fyrirliggjandi drögum að verklagsreglum vísað til umsagnar Félags háskólakennara, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga og Meinatæknafélags Íslands.
- 2.3 Framlenging starfstíma Connie Delaney, prófessors.
  - Samþykkt einróma ósk deildarráðs hjúkrunarfræðideildar um að framlengja ráðningu dr. Connie Delaney frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2006.
- 2.4 Erindi frá Stúdentaráði um aðgang að lesrými í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.
  - Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins. Greindi rektor m.a. frá því að hann og landsbókavörður hefðu komist að samkomulagi um að fyrri kvöldopnunartími taki aftur gildi frá 8. nóvember nk. til 21. desember nk. og að ákvörðun um framhaldið eftir áramót þyrfti að taka í desember.
  - Málið var rætt. Í umræðunni kom m.a. fram að nauðsynlegt er að taka saman yfirlit yfir fjárhagsleg tengsl Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns annars vegar og þátttaka annara háskóla í rekstri safnsins hins vegar.

Fulltrúar stúdenta lögðu fram svohljóðandi bókun: „Stúdentar vilja taka fram að á síðasta ári var Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn vel sótt á kvöldin milli kl. 19 og 22. Strax í september 2003 sóttu safnið á kvöldinað jafnaði um 100 notendur, sem jafngildir 25-30% nýtingu. Í reynd er notendahópurinn enn stærri því ekki er alltaf um sömu einstaklinga að ræða, auk þess sem aðsókn að handritadeild er ekki meðtalin. Það er grundvallaratriði í háskólanámi að nemendur hafi sem mestan aðgang að Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og kemur þetta skýrt fram með 2521 undirskrift undir mótmælaskjal við skertum opnunartíma safnins sem hér er lögð fram.“

### 3. Mál á dagskrá

#### 3.1 Uppgjör á kennslu fyrir háskólaárið 2003-2004 og skipting fjárveitinga og fjárhagsáætlun ársins 2005.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum gögnum frá fjármálanefnd um uppgjör á kennslu fyrir háskólaárið 2003-2004 og skiptingu fjárveitinga og fjárhagsáætlun ársins 2005. Í minnisblaði fjármálanefndar eru settar fram eftirtaldar tillögur:

- Við fyrstu drög að skiptingu fjárveitinga er lagt til að ekki verði gert ráð fyrir hækkun skrásetningargjalds. Gert er ráð fyrir að hækkunin verði samþykkt á Alþingi í desember og verður hækkunin nýtt við endanlega skiptingu fjárveitinga.
- Kostnaðarstuðlar í reiknilíkani og deililíkani eru hækkaðir um 2%, en ekki 2,8% eins og tilgreint er í frumvarpi til fjárlaga.
- Gerð er tillaga um 2,5% lágmarkshækkun fjárveitinga að jafnaði milli áranna 2004 og 2005.
- Eftirfarandi óskir hafa borist um breytingar á deililíkani:
  - Hluti námskeiða heimspekideildar verði fluttur í 4. reikniflokk.
  - Fornleifafræði fái nýjan b-kassa í stað þess að núverandi b-kassi breytist í a-kassa.
  - Nýr a-kassi fái fyrir M.Paed. nám við heimspekideild.
  - Hluti námskeiða í jarð- og landfræðiskor verði fluttur úr reikniflokki 1 í reikniflokk 5.
  - Matvælafræðiskor fái hálfan c-kassa.
  - Fjölgæð verði námskeiðum í reikniflokki 4 í viðskipta- og hagfræðideild.
  - Verkfræðideild fái tvo nýja c-kassa.
  - Klínísk námskeið í hjúkrunarfræði verði flutt úr reikniflokki 3 í reikniflokk 5.
- Ekki er lagt til að breytingar verði gerðar á deililíkani.
- Lagt er til að samkeppnisjóður verði notaður áfram (16,6 m.kr.)
- Borist hefur beiðni um framlag til Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki. Fjármálanefnd leggur til að veitt verði 1 m.kr. til Alþjóðamálastofnunar, en leggur jafnframt til að stofnanir utan deilda verði felldar undir deildir.
- Fjármálanefnd minnir á fyrri tillögur um Upplýsingaþjónustu Háskólans, Sjávarútvegsstofnun og Umhverfisstofnun.
- Fjármálanefnd leggur til að 15,8 m.kr. verði dregnar frá rannsóknafjárveitingu raunvísindadeildar vegna þeirrar aðstöðu sem kennarar njóta á Raunvísindastofnun, en leggur til að styrkir til kennara með aðstöðu á Raunvísindastofnun fari í framtíðinni í gegnum bókhald Háskólans.
- Fjármálanefnd leggur til að 15 m.kr. verði lagðar í sjóð til þess að veita mótframlag á móti tækjastyrkjum sem krefjast mótframlags.
- Fjármálanefnd leggur til að 105 m.kr. fari í Rannsóknasjóð Háskólans.
- Fjármálanefnd leggur fram fundargerðir háskólaráðs frá 15. apríl 2001 og 21. nóvember 2002 ásamt drögum að verklagsreglum um stjórnunar- og aðstöðugjald. Nefndin óskar eftir afstöðu háskólaráðs til þess hvort hrinda eigi samþykkt ráðsins í framkvæmd á árinu 2005.
- Minnt er á fyrri samþykkt um að Sáttmálasjóður hætti að veita ferðastyrki til annarra

en starfsmanna Háskóla Íslands, enda er sjóðurinn alfarið fjármagnaður af fjárveitingu Háskólans. Tekið var illa í að skipta fjárveitingu til sjóðsins á rekstrareiningar og er lagt til að sjóðurinn verði áfram miðlægur.

- Minnt er á fyrri umræðu um Vinnumatssjóð. Háskóli Íslands hefur samþykkt að leggja 12,5% af launum starfsmanna sinna í Félagi háskólakennara í sjóðinn og ef starfsmenn annarra stofnana eiga að vera styrkhæfir í sjóðnum er rétt að atvinnuveitendur þeirra geri slíkt hið sama.

Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Háskólaráð beinir þeim tilmælum til deilda og sameiginlegrar stjórnýslu að þær haldi áfram vinnu við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2005 og taki mið af þeim fjárhæðum sem gert er ráð fyrir í tillögum fjármálanefndar.

Jóhannes Rúnar Sveinsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora, beindi tveimur spurningum til yfirstjórnar Háskólans:

1. „Hvernig hyggst yfirstjórn Háskóla Íslands tryggja að skólinn fái sinn hluta af þeim fjármunum sem varið verður til þess átaks til eflingar tækni- og verkfræðimenntunar sem menntamálaráðherra hefur boðað?

2. Óskað er eftir því að yfirstjórn Háskólans reikni út hvað skuldbinding stjórnvalda við hinn nýja háskóla, sem verður til við sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, muni kosta á næstu árum á verðlagi dagsins í dag.“

3.2 Tillaga lagadeildar að reglum um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild, dags. 14. október 2004, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma, með fyrirvara um breytingu á reglunum í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað.

3.3 Tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum Háskólans nr. 458/2000 og tillögur að samþykktum, skv. 2. mgr. 9. gr. laga um H.Í. nr. 41/1999, sbr. síðasta fund. Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnýslu, sbr. umræður á síðasta fundi.

a) Tillaga Lagastofnunar H.Í. að breytingu á 4. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna Háskólans nr. 458/2000 um þjónusturannsóknir á vegum rannsóknastofnana deilda.

b) Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir, sbr. síðasta fund.  
- Frestað.

3.4 Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. síðasta fund. Lagt fram nýtt minnisblað um aðdraganda málsins.

- Frestað.

3.5 Aldarsaga Háskólans. Kostnaðaráætlun vegna ritunar og útgáfu, sbr. fund ráðsins 7. október sl.

Vilhjálmur Árnason, fulltrúi hugvísindasviðs, kynnti málið og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að leita eftir tilnefningum frá hugvísindasviði, raunvísindasviði, félagsvísindasviði og heilbrigðisvísindasviði í ritnefnd.

Hvert fræðasvið tilnefni tvo fulltrúa en rektor skipi síðan einn af hverju sviði í ritnefnd. Ritstjóri skipaður af rektor verði fimmti meðlimur ritnefndar og jafnframt formaður hennar.

#### 4. Önnur mál.

#### 4.1 Skráning nýnema í janúar.

Rektor kynnti tillögu sína sem felur í sér að tekið verði við beiðnum um skrásetningar á tilteknu tímabili samkvæmt nánari ákvörðun.

Tillagan hljóðar svo:

„Lagt er til að háskólaráð heimili deildum, sem þess óska, að skrá nýja nemendur til náms í janúar 2005. Tekið verður við beiðnum um skrásetningar á tilteknu tímabili samkvæmt nánari ákvörðun.

Þær deildir sem nýta sér þessa heimild gera það með ákveðnum skilyrðum:

1. Að deildir geti ekki reiknað með því að fá gert upp vegna þreyttra eininga þessara nemenda á vormisseri 2005, nema fjárheimildir leyfi.
2. Að nemendur, sem skráðir eru til náms á vormisseri, geti ekki skipt um deild eða námsgrein á því misseri, og að vertering við árlega skrásetningu í mars 2005, sé háð leyfi viðkomandi deilda.“

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 17.50